




Reykjavík, 21. júlí 2026
USK26060350

Vesturgata 54 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa um hækkun húss

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21.júlí 2026 var lögð fram fyrirspurn Reykjavík Central Apartment um hvort leyfi væri til þess að byggja fleiri hæðir ofan á hús sem stendur við Vesturgötu 54



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag Nýlendureits



Ljósmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin við Vesturgötu 54 borgarhluta 1. Vesturbær og er hluti af íbúðarsvæði IB1

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Nýlendureit, samþykkt í borgarráði 8.nóvember 2007 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr 54 við Vesturgötu er byggt 1983 samkvæmt fasteignaskrá HMS. Samkvæmt húsakönnun er ekki gerð tillaga að verndun hússins.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að bæta við hæð/hæðum ofan á Vesturgötu 54.

Í skilmálum deiliskipulagsins kemur fram að ekki er gert ráð fyrir auknu byggingarmagni á lóðinni.

Niðurstaða

Neikvætt er tekið í fyrirspurnina þar sem að gildandi deiliskipulag gerir ekki ráð fyrir auknu byggingarmagni á lóðinni. Því eru ekki skipulagslegar heimildir til að bæta við hæðum á hús við Vesturgötu 54.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.



Reykjavík



f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Helga Rún Guðmundsdóttir

verkefnastjóri



Reykjavík